

Nemendaráð 5. febrúar 2015

Fundarmenn: Íris, Brynjólfur, Birgir, Sýlvía, Indíra ásamt Ágústi

1. Hæfileikakeppni

Aðeins fjögur atriði hafa verið skráð fyrir hæfileikakeppnina. Ákveðið að framlengja skráningarfréttinn fram á þriðjudagskvöld. Ágúst auglýsir eftir atriðum á samverustund miðstigsins á þriðjudaginn og fulltrúar í nemendaráði auglýsa í krókum á morgun. Birgir og Brynjólfur taka að sér að athuga með vinninga t.d. leikhúsmiða og dagspassa í Hlíðarfjall. Stefnt að því að taka keppnina upp.

2. Nemendadagurinn

Nemendadagurinn verður 13. mars nk. Ljóst er að nokkuð verður um fjarvistir á unglिंगastigi þann dag þar sem margir eru að fara á Samfés á þeim tíma. Rætt um nýtt fyrirkomulag, fulltrúa í nemendaráði langar til að hafa breyta til og hafa fjölbreyttari dagskrá. Leggjum höfuðin í bleyti fram að næsta fundi.

3. Þemavika hvað varðar klæðnað.

Nemendaráð langar til að hafa eina viku þar sem verður klæðnaðarpema á hverjum degi. Ákveðið að hafa þetta vikuna 2.-6. mars og hafa fyrirkomulagið eftirfarandi: Mánudagur náttfatadagur, þriðjudagur ofurhetjudagur, miðvikudagur rokkdagur, fimmtudagur 80s dagur, föstudagur kynskiptadagur (dragur).

4. Matarröðin og mótuneytismál.

Nemendur telja að það fyrirkomulag að bekkir skiptist á að fara fyrir í mat hafi gufað upp. Skólastjóri tekur upp á ný með kennurum til að ítreka það fyrirkomulag að 4.-5. bekkur fái að fara fimm mínútum fyrir í mat á mánudögum og þriðjudögum, 6.-7. bekkur fyrir á miðvikudögum og fimmtudögum og 8.-10.b. á föstudögum.

Nemendaráð samþykkir samhljóða ályktun um að alltaf skuli bjóða upp á tómatósú með soðnum fiski.

Einnig spurt hvort hægt sé að bjóða upp á krydd með matnum. T.d. að hafa salt og pipar (eða fleiri krydd) með salatbarnum?

Hugmynd um að hafa tvær skömmtunarstöðvar og nemendur skammti sér sjálfir (allavega eldri nemendur).

Er möguleiki að hafa salatbar alla daga? Eða hafa salatbar frekar með óvinsælli mat..

Skólastjóri fór yfir þessi mál með nemendaráði og útskýrði sumt en mun taka annað upp í viðræðum við eldhús.

Fleira ekki tekið fyrir, fundur aftur nk. miðvikudag kl. 12:10